

# Matvælaráðuneytið

## Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**  
Dags: **01.11.2022**  
Boðaðir: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason, Þorgils Torfi Jónsson**  
Fundarmenn: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Þorgils Torfi Jónsson**  
Fjarverandi: **Sigurgeir Bárðason**  
Bréfalykill: **02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi**  
Málsnúmer: **MAR22030127**

Efni: 8. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026

### Frásögn af fundi

#### 1. Yfirferð loka-/framvinduskýrslna

Lokaskýrslur höfðu borist vegna tveggja verkefna. Annars vegar var um að ræða verkefnið *Kynlaus eldislax - Hafrannsóknarstofnun* frá árinu 2021 og hins vegar verkefnið *Ný aðferð til að greina sjónræn áhrif sjókvíaeldis - RORUM* frá árinu 2018. Utanaðkomandi ráðgjafar höfðu yfirfarið skýrslurnar og töldu þær fullnægjandi. Stjórn var sammála því og samþykkti að greiða út seinni greiðslu vegna verkefnanna.

#### 2. Beiðnir um frest á skilum á loka-/framvinduskýrslum

Borist höfðu tvær beiðnir um frest til að skila lokaskýrslum. Annars vegar fyrir verkefnið *Áhrif fiskeldis á fugla og sjávarspendýr - Náttúrustofa Austurlands* frá árinu 2020 og hins vegar fyrir verkefnið *Fjölbreytileiki botndýra í firði eftir 10 ár - Náttúrustofa Vestfjarða* einnig frá árinu 2020. Stjórn samþykkti beiðnirnar.

#### 3. Endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins

Samþykkt var að taka þennan lið aftur upp á fundi í janúar '23.

#### 4. Upplýsingar um Matvælasjóð

Samþykkt var að taka þennan lið aftur upp á fundi í janúar '23.

#### 5. Önnur mál

Þorgils Torfi, stjórnarmaður, bar upp þá spurningu hvernig færi með greiðslur til stjórnarmanna. Samkvæmt hans skilningi væri heimild samkvæmt reglugerð til þess að greiða stjórnarmönnum laun fyrir setu þeirra í stjórn. Starfsmanni sjóðsins var falið að kanna þetta atriði og senda stjórn tölvupóst.

### Niðurstaða og ákvarðanir

### Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

